



Heiðursviðurkenningar

Reglugerð um heiðursviðurkenningar innan Ungmennafélagsins Afturelding

1. Inngangur

Afturelding veitir við sérstök tækifæri einstaklingum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir félagið. Heiðursviðurkenningar þessar eru eingöngu veittar fyrir sjálfbóðaliðavinnu fyrir félagið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar á uppskeruhátíð félagsins fyrir góðan árangur í íþróttum, starfsbikarinn til deilda og Vinnuþjarksbikarinn til einstaklinga, en um þær gildir sérstök reglugerð.

2. Viðurkenningar

- **Bronsmerki Aftureldingar** skal veita þeim einstaklingum sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið eða deildir þess að lágmarki tvö starfsár.
- **Silfurmerki Aftureldingar** skal veita þeim einstaklingum sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið eða deildir þess að lágmarki fimm ár.
- **Gullmerki Aftureldingar** skal veita þeim einstaklingum sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið eða deildir þess að lágmarki 10 ár og gert stórt átak í félagsstörfum innan Aftureldingar.
- **Æskuskjöldur Aftureldingar.** (Gefinn í 90 ára afmælisgjöf af Sveini í Hlíð) skal veita þeim einstaklingi sem hefur unnið mikið og gott starf fyrir félagið í gegnum tíðina. Skjöldurinn er til varðveislu í eitt ár í senn.
- **Heiðursfélagar.** Undir sérstökum kringumstæðum má kjósa einstaklinga, sem hafa unnið framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma eða hafa á annan veg reynst félaginu einstaklega vel. Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfundum, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursfélaga verður að vera samhljóða.

3. Heiðursviðurkenningarnefnd

Aðalstjórn Aftureldingar skal skipa sérstaka heiðursviðurkenningarnefnd sem hefur það hlutverk að halda utan um og velja þá einstaklinga sem hljóta eiga heiðursviðurkenningu hverju sinni.

4. Afhending heiðursviðurkenninga

Afhending heiðursviðurkenninga skal eiga sér stað á aðalfundum félagsins ár hvert eða þegar tilefni er til. Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið



hafa viðurkenningar. Almennt skal veita þeim silfurmerki sem áður hafa hlotið bronsmerki og einungis er hægt að veita þeim gullmerki sem áður hafa hlotið silfurmerki.

Reglugerð var samþykkt af aðalstjórn 10. september 2025